

Veturliði Guðnason  
2005

Viðtal tekið fyrir verkefnið Svona fólk

Spyrill: Hrafnhildur Gunnarsdóttir

Upptaka: Hrafnhildur Gunnarsdóttir

DVCAM 197, 198

© Krumma films ehf.

## DVCAM 197

Ég man sannast sagna ekkert voða mikið eftir þessu hvað við vorum komin langt í þessu. Þetta er náttúrulega svona, ef maður fer að rifja upp gamla tíma þá fer hugurinn út og suður nokkurn veginn þannig, yfir víðan völl að fara.

Já ég man eftir því. Ég man að ég var að tala um þetta að það var svona eins og, það fékk svo mikið á mann að ég minnst kosti ég eiginlega gleymdi þessu. Eða þannig að ég gat ekki fest niður á tíma hvenær hlutirnir hefðu gerst eitthvað svoleiðis. Þetta var svona eins og allt svona á milli einhvern veginn í þoku fyrir manni að maður einhvern veginn, allur þessi tími var einhvern veginn svo skelfilegur að maður gat ekki sett þetta í sérstakt svona samhengi og sagt já svo gerðist þetta og svo gerðist þetta og það er eiginlega ekki fyrr en núna alveg í seinni tíð að ég get sagt nákvæmlega til um það hvenær þessi og þessi maður hafi dáið til dæmis og mínir nánustu. Þetta fer allt saman í einhvern veginn í einn skelfingartíma. Og þetta var einhvern veginn þannig að þetta var náttúrulega hópur sem var nátengdur manni að manni fannst eins og þetta væri bara allt að hrynja í kringum mann og það er sú tilfinning sem að er náttúrulega mjög mjög erfið. Og ég ímynda mér að það sé, geti verið þegar fólk er kannski komið um áttrett eitthvað svoleiðis að þá sé það eðlilegt að fólk fari að detta niður í kring um þig og týna tölunni, vinir og kunningjar og fjölskylda og svona en þetta var allt fólk á besta aldri og svo var þetta skelfing líka að þetta hefur þá sennilega verið svona '92, '93, þetta hefur verið 1990 sem þetta byrjaði að verða virkilega erfitt '91, '92, '93 og '94 og þetta var á tímabili, þá var það ekki bara alnæmið heldur alls kyns ólán líka sem að mínir vinir og kunningjar urðu fyrir eins og þeir sögðu sko. Það var ekki bara pestin það var líka malaría eða þeir drápu sig eða voru stungnir og ég veit ekki hvað og hvað. Og ég man alltaf eftir þessu að á tímabili að ég fór í jarðarför á hverjum einasta föstudegi og það var alltaf fólk sem maður þekkti vel. Og þegar maður er búinn að gera það í sex, sjö föstudaga í röð að þá er, finnst manni þetta orðið nú dálítið sérkennilegt allt saman. En sem betur fer þá, heyrðu það kemur þarna kona, hún kemur ekki til okkar, jæja fyrirgefðu. En þetta var mjög erfitt og erfiður tími og maður vissi svo sem að þetta var að gerast og maður þoldi þetta alveg á meðan á þessu stóð og maður reyndi nú að halda

haus einhvern veginn yfir þessu öllu saman það þýðir náttúrulega ekkert annað, þetta gerist, það þýddi ekkert að vera þarna einhvern veginn æpandi yfir þessu. En ég held að einmitt líka sú orka sem fór náttúrulega í það að reyna að halda sér nokkurn veginn uppréttum meðan á þessu stóð að það hefndi sín svolítið á eftir því þá var maður líka lengur að vinna úr þessu og ég held að þetta sé kannski mjög eðlilegt ferli eins og hjá alltaf gerist. En svo svona eftir á eða svo og svo mörgum árum seinna þegar maður fer að spyrja um þetta að þá man ég að það var kona sem var að skrifa aftur um einhverjum tíu árum eftir að fyrsti maðurinn greindist eitthvað svoleiðis lagað að þá tók ég þessa líkingu að mér fyndist nánast eins og ég væri svona eftirlifandi úr stórslysi sem sagt eins og Estoniu eða eitthvað svoleiðis lagað. Að maður hafi verið með fólki og svo eru allir horfnir sem voru á einhverjum ákveðnum stað. Og ég man til dæmis þegar ég kom til Kaupmannahafnar og fór og leit á húsið sem við bjuggum í við Reynir Már á sínum tíma og í Sankt Jørgens Allé, að þá áttaði ég mig á því að það voru bara afskaplega fáir eftir af öllu því fólki sem kom þangað, að þá voru þeir sem strákar sem bjuggu hjá okkur og svoleiðis lagað, að þetta fólk það var eiginlega allt saman farið. Það voru margir þarna, það var enginn eftir til að deila þessum minningum með. Og það er nú dálítill óhugnanleg tilhugsun.

Ég man að ég var að segja þér söguna frá eins og það væri kviknað í húsinu skilurðu og svona farið að loga meðfram, mér fannst það alltaf svolítið sjarmerandi hérna líking. Þetta var dálítið óhugnanlegt allt saman.

Ja það var náttúrulega, sem sagt, fólk varð að takast á við þetta og takast á við það að það væri til fólk sem væri ekki í fjölskyldum og væri ekki gagnkynhneigt. Þetta væri ekki bara einhverjar tölur á blaði heldur að þetta væri raunverulegt fólk og raunverulegar manneskjur sem raunverulega þyrftu sem sagt íbúð og væri til. Og það sem að við tókum eftir var það hvað svona venjulegir, segjum bara sko, heilbrigðisyfirvöld sem við kölluðum alltaf í gæsalöppum, það er að segja læknar og þessir sem áttu að sjá um þessi mál, að þetta var allt saman gott fólk og vildi allt fyrir mann gera og allt svoleiðis lagað, þeir voru rosalega fáfróðir um hvernig þessir hlutir gengju fyrir sig. Jú jú þeir vissu að það voru til samkynhneigðir einstaklingar eins og það heitir þá. Þá er það ekki lengur manneskjur og hvorki karlmenn né konur, þetta eru einstaklingar og þar með er þetta komið inn í einhverja statistík og tölfraði og það sem

að alnæmi raunverulega gerði var að draga, koma þessu fólki út úr tölunum og inn í lífið. Þetta var raunverulegt fólk. Og þeir voru svona, sem sagt áttu svolítið erfitt með að átta sig á því að það væri raunverulega til fólk hér í bænum sem ætti til dæmis enga fjölskyldu þú veist. Og hefði ekkert samband við sína fjölskyldu og vildi ekki gera það og ætti til dæmis hvergi, það voru ekki margir en það voru innan um strákar hérna sem áttu eiginlega hvergi höfði sínu að halla og það var mjög lengi sem að fólk var að átta sig á því að það væri til. Vegna þess að það gæti bara ekki verið. Af hverju fer hann ekki bara heim til sín? sögðu þeir þú veist. Það er þessi tilfinning og svo náttúrulega líka sko hjá gayliðinu sjálfu ekki síður, að þarna kom eitthvað sem þeir urðu að taka á sjálfir og gera svo vel að berjast fyrir sínum eigin réttindum sjálfir og auðvitað var fólk mjög hrætt við þetta og sjálfsagt höfum við farið yfir strikið einhvern tímann í því. En það var líka við nógu mikinn fábjánaskap að etja því að, við skulum segja bara fáfræði hreint og beint, og smám saman, sko, það var greinilegt, ég man ekki hvort ég var búinn að segja þér þetta áður en það var alveg greinilegt að það var munur á því hvað landlæknisembættið til dæmis hvað þeir skildu. Þeir skildu ekkert sem hét nein félagsleg vandræði. Þeir voru bara, þeir áttuðu sig ekki á því að slíkt væri til. En húsnaðismál, að fólk þyrfti einhvern stað til að vera á það skildu þeir, það var allt í lagi eða þau öllu heldur. Og ég vil ekki tala illa um þetta fólk, alls ekki. Þetta var ekki, meiri parturinn af þeim að minnsta kosti mjög svo velviljaður á alla kanta. En ég man alltaf eftir þessu sem sagt, upplýsingamálin, það voru náttúrulega ekki til nein lyf við þessu og lækarnir vissu ekki neitt og það var það sem að læknum er ekki vel við að þurfa að játa það fyrir öðrum og sjúklingum að þeir hafi engin ráð. Það passar ekki inn í ímyndina og það er bara ekki partur af settinu. Og þá var nú samt sem áður vitað að það sem gildi í málinu væri upplýsing og fræðsla og það þurfti að upplýsa fólk um þetta. Og Samtökin '78 voru með upplýsingasíma og ég man alltaf eftir því að við vorum þarna á fundi og það var tekið vel undir þetta að Samtökin mundu starfrækja þennan upplýsingasíma og við sögðum: Já, það væri alveg sjálfsagt að gera það en það væri dálítið erfitt því við hefðum engan stað til þess að hafa símann á, það væri ekkert húsnaði til. Og þá allt í einu var eins og það færðist líf: Hvað segirðu? Er ekkert hús? Hvað? Og þá var þetta hreint og beint að landlæknir talaði við Davíð og Davíð talar við Ragnhildi sem þá var borgarstjóri og heilbrigðisráðherra, Ragnhildur Helgadóttir, og bara eftir helgi var komið hús niðri á Lindargötu þar sem Samtökin voru svo til húsa í mörg herrans ár. Af því þetta var within reach. Þetta skildu þeir. Það var allt í lagi en

hitt að það væru svona strákar sem væru einhvern veginn sko út úr öllu korti og samhengi við þjóðfélagið, það gátu þeir hreinlega ekki skilið. Þeir héldu að þetta væri eitthvað svona bull. Þeir héldu að það væri verið að hafa þá hálfpartinn að fíflum eitthvað svoleiðis lagað. Og svo af því að strákarnir fóru náttúrulega að smitast og veikjast og mæta. Þú veist við sáum þetta alltaf fyrir, við vissum alveg hvernig þetta myndi gerast. Það hlaut að gerast það sama hér og í Kaupmannahöfn og við vorum alveg up to date með það. Svo fara þessir strákar að koma til þeirra og þá fóru þeir náttúrulega að sjá að það voru til menn sem að voru bara ekkert í neinum fjölskylduham og litu undarlega út og voru með litað hárið og guð má vita hvað og hringa í eyrunum og you name it, og þá fóru þeir svolítið í hina áttina. Ég man að einn góður smitsjúkdómalæknir, hann kallaði í okkur Böðvar og spurði okkur um það hvernig þetta væri eiginlega þarna á þessum Uppi og Niðri, man ekki hvað þetta heitir, Abracadabra eitthvað þarna uppi við Hlemm, hvort að þetta væri eins og í cruising. Og sá fyrir sér sem sagt risa stað fullan af einhverjum brjáluðum leðurhommum eitthvað svona 800 manna stað. Þá var þetta sem sagt svona menntafólk, alið upp í borgaralegu umhverfi, hefur eiginlega aldrei komið neitt út á lífið, hefur aldrei verið eins og ég segi úti eftir tíu á kvöldin í miðbænum að tala við fólk og vissi ekkert um þetta. Og allt í einu þarf það að fara að díla við svona hluti og þetta var svona, ég held að meiriparturinn af þessum deilum eða misklíð sem var á milli gayfólksins og heilbrigðisyfirvalda á þessum tíma var sprottinn af svona misskilningi og að fólk þekkti ekki hagi þeirra sem það átti að vera að annast.

Það er nú fræg sagan um eða kenningin um svokallaðar faghags sem að er sem sagt að kalla þetta hommahækjur, sem er ekki beinlínis fallett orð en þetta er nú svona að konur hænast gjarnan að gay karlmönnum og eru þá góðir vinir og geta farið út saman og það er engin vandræði með einhverja viðreynslu eða svoleiðis lagað. Og það eru til reyndar af báðum kynjum, bæði karlar og konur sem að hafa sem sagt gaman af að umgangast gay fólk þó að þau séu ekkert gay. Þetta er bara sams konar, það er alveg sama dæmið hvort þetta eru karlar eða konur. En það var eiginlega svona sagan og þetta er reyndar svona kvenréttindarithöfundur sem skrifar þessa sögu, ég man ekki hvað hún heitir í bili hún er alfræg, og um þetta að meðan bælingin var sem mest að þá voru sem sagt faghags voru þær afskaplega nauðsynlegar manneskjur sem gátu huggað hommana og verið þeim, tekið þátt í öllu þeirra dramadóti en svo verða réttindin svona meiri og fólk

fer að átta sig á þessu og þetta fer að hjaðna þetta drama í kringum þetta og að þá höfðu þær eiginlega engan tilverurétt lengur, þær voru orðnar óþarfar. En þá segir hún þessi kona að einmitt þegar alnæmið kemur upp þá bara verður þetta eins og með risaeðlurnar á sínum tíma nema öfugt, að þær fá allt í einu aftur fullan tilverurétt og geta allt í einu farið út á örkina og sinnt þessum mönnum. Og ég veit það ekki sko þetta lenti að vísu á strákunum þessi alnæmisvandi allur en eins og við sögðum á þessum tíma, við tókum allavega þann pól í hæðina mínir vinir og kunningjar sko að fyrir utan þetta líkamlega dæmi, að það kemur einhver veira og laumast inn í líkamann, gerir fólk sem sagt veikt og á endanum leggur það í gröfina það er náttúrulega bara eins og hvert annað hundsbit raunverulega en það sem gerði þetta svo skelfilegt var það að það var engin lækning við þessu og þetta lagðist á svona hóp sem var ekki alveg svona viðurkenndur, fólk áttaði sig ekki alveg á og þar með var þetta félagslega dæmi var miklu miklu erfiðara allavega, auðvitað er líkamlegt alltaf erfiðast, segir sig sjálft en þetta félagslega var ekki síðra. Og við sögðum það að það væri að þessu félagslega leytir að þá væru allir smitaðir, það væru allir með þetta dæmi, þetta legðist jafnt á alla hvort sem það væru raunverulega jákvæðir eða ekki að þá yrðu allir fyrir barðinu á þessum ófögnuði. Og það átti þá bæði við karla og konur og ég veit ekki hvort að straight kvenfólk eða lesbíur hvort það hafi eitthvað gert neinn mun á því, ég held að þær hafi þetta, þetta var eins og öll önnur svona ógn sem kemur upp, allar hörmungar sem dynja yfir að þá reynir svolítið á fólk. Það kemur svolítið í ljós hver stendur með hverjum og hverjir svona, hverjir eru vinir í raun ekki satt já, það kom svolítið mikið í ljós á þessum tíma.

Mér fannst þetta mjög gott. Og ég held að það hafi verið almennt, ég held að almennt hafi fólk verið ánægt með það að fá konur meira inn í Samtökin og að þær létu meira að sér kveða einhvern veginn því að það gerði líka að verkum, það tók af þessu, almenningur er ekki hræddur við kynvilltar konur eins og kynvillta karlmenn. Það er ekki einhvern veginn eins hættulegt. Karlmennirnir eru einhvern veginn miklu meira líklegri til að, eða karlmenn eru þá hræddari við þá heldur en konurnar, ég veit það ekki, þetta er allt svo sérkennilegt en þær á þessum tíma þá var talað einmitt um blómatíma hjá lesbíum því þær höfðu einhvern veginn aldrei verið til eða þannig. Þær allavega þegar þetta byrjaði þá sáust þær hvergi og fundust hvergi og enginn vissi neitt af þeim eða neitt en svo fóru þær svona smám saman að tínast út í félagslífið og þær voru mjög virkar. Og ég held að það hafi verið mjög gott. Sko kvenfólk er líka oft skipulagðara

heldur en karlmenn án þess að ég ætli að fara út í neina kyngreiningu á því en það virðist oft á tíðum að þær hafi svona aðeins meira fæturnar á jörðinni og herna hugsni svolítið meira fyrir endanum á hlutunum og karlmenn, ég meina þetta er bara svona mín privat fílósofía sko. Allavega reyndist það í Samtökunum að þær entust vel. Þær stóðu fyrir sínu dóti og hlupu ekki í burtu í miðju verki eða eitthvað svoléiðis lagað og virtust eiga nokkuð gott með að halda þessu saman, fá fólk til að vinna með sér. Og ég held að það hafi verið bara mjög þarft á sínum tíma.

Ekki beinlínis þannig að ég taki neinn þátt í því en maður áttaði sig á því og Ingibjörg Sólrún hún hélt á sínum tíma framboðsfund uppi í Moulin Rouge man ég eftir og ég held hún njóti þess enn þann dag í dag. En hún var eiginlega má segja, allavega það sem ég varð var við, fyrsti stjórnmalamaðurinn sem beinlínis sneri sér beint og bankaði á framdyrnar hjá hommum og lesbíum og sagði: Hér er ég. Hvað get ég gert fyrir ykkur? Enda var þetta manneskja sem hafði komið annars staðar, hafði ekki bara setið alla tíð í einhverju fínu húsi á Laufásveginum, hún hafði líka verið úti í löndum að læra og svo framvegis og svo framvegis. Hún er líka önnur kynslóð. Það er svolítið öðruvísi. Og ég held hún njóti þess enn þann dag í dag hvað hún var svona hrein og bein í þessum viðskiptum öllum að gera fólk grein fyrir því að þarna væri hjálp í boði ef að fólk vildi nýta hana. En ég sko, ég hef alltaf verið mjög ánægður með það að Samtökin hafi beitt sér fyrir bótum á lagalegu umhverfi og ég geri mér alveg fulla grein fyrir því að það er alveg bráðnauðsynlegt. En af því ég get nú verið svoddan padda líka að þá fannst mér stundum eins og það væri verið að flýja út í það. Af því að þetta er náttúrulega hlutur sem allir geta verið sammála um og það getur enginn verið á móti því að það sé jafnrétti og allir hafi lagalegt jafnrétti og svoléiðis lagað. Af því að það geta allir skilið og það er raunverulega mjög straight vinna að gera það. Hins vegar að það séu einhver mannréttindi að hafa einhvern stað þar sem þú getur farið út á föstudags- eða laugardagskvöldi og hitt þitt fólk og fengið þér í glas og verið svona eins og venjuleg manneskja með fólk sem hefur sömu svona, sama smekk og þú, það virðast ekki vera mannréttindi og það er ekkert fínt að berjast fyrir því, það er ekkert voðalega fínt. Og ég sagði, einhvern tímann sagði ég: Við gætum kannski átt það á hættu að enda hér uppi á Íslandi með bestu löggjöf í heimi með öll möguleg réttindi en það væri bara nákvæmlega ekkert að gerast og alveg hundleiðinlegt. Og það er nú svona fylgir þessu dæmi því ég hef nú fylgst svolítið með þessu hvað við höfum reynt að halda úti smá og

samkvæmislífi sem sagt. Og þá er það einhvern veginn eins og það sé algjört aukaatriði, það er ekki réttindi, það er einhver hlutur sem að á bara að koma að sjálfu sér einhvern veginn.

### *Hrafnhildur: Páll Óskar?*

Já Páll Óskar er náttúrulega þessi unga kynslóð raunverulega. Hann er af þessari fyrstu kynslóð sem kemur og segir: Ég er gay og við gerum þetta og við sofum hjá og við höfum þetta svona og svona! Svo er náttúrulega spursmál hvort það þykir sumum að hann fari einum of langt út í það og allt út í einhverjar líkamsæfingar og allt svoleiðis lagað en hann gerir þá allavega það. Og ég kann mjög vel við þessa ungu kynslóð, ég verð að segja alveg eins og er að það mér finnst oft að ég eigi miklu meira sameiginlegt með fólki sem að gæti verið börnin mín heldur en nokkurn tímann jafnaldrar mínir því að þeir eru allir einhvern veginn fastir og skrítnir í sínum formum. Og mér hefur alltaf líkað ágætlega við hann og þessa afstöðu hans. Þetta með aldurinn, ég veit ekki hvort þú vilt heyra eitthvað um það [hlær] en það er svona mikið mál hjá gayfólki og ég veit til dæmis ég rakst á rétt núna nýlega á netinu á Þýskalandi að það var einhver klúbbur fyrir eldri menn á netinu og þá lít ég svona á þetta og þá er sagt: Já þetta er fyrir þá sem finna að þeim er hafnað þó þeir séu ekki nema rétt þrítugir. Og það minnti mig svona á þetta í gamla daga og þetta er náttúrulega, maður veit það að það er mikill munur á fólki á aldrinum fimmtán til 25. Það er munur, maður sem er átján ára og annar sem er 22. Það er alveg heilmikið bil þar á milli en svona smámsaman þegar fólk eldist þá minnkar þessi munur. Og mér dettur þetta í hug vegna Páls Óskars vegna þess að ég var í 25 ára afmælinu hans sem var haldið niðri í hérna Tungli sem þá var hérna diskó, stóra þar sem nú er Iðan. Og þar var náttúrulega mikið af ungu fólki og þetta var haldið uppi á efri hæðinni og ég var einmitt að hugsa þetta hvað ég væri nú að gera þarna gamli maðurinn innan um alla þessa unglunga. Og svo labba ég niður á diskóið eftir afmælið og þar eru náttúrulega bara átján, tuttugu, tuttugu-og, já, hámarksaldur sennilega 21 árs 22, 23 og þá rann þetta svona allt í einu upp fyrir mér að jújú ég er eldri en þetta fólk en hve miklu eldri ég er skiptir engu máli. Fyrir þessa krakka þá er bara fólk eldra en hvort það er þrítugt, fertugt, fimmtugt, sextugt það skiptir það bara nákvæmlega engu máli. Það er bara einfaldlega eldra. Og ég held að þetta sé dálítið mál hjá fólki að átta sig á því að það náttúrulega dettur út úr einhverjum svona aldurshópi. Þú ert ekkert



lengur átján til 25 ára. En eftir það það þýðir ekkert að fólk sé komið á elliheimilið fyrir því. Það er alveg af og frá.

Moulin Rouge. Jú jú ég man eftir því, það er nú líka eitt svona sem mig hefur alltaf langað til að gera. Ég hef reynt að punkta hjá mér, ég held nú að við séum búin að fara út í þessa sögu en. Á ég að fara með þessa rullu alla? Þú stoppar mig bara. Þú ert ekki nógu ströng við mig, þú átt að halda mér við efnið.

*Hrafnhildur: Já já, þetta er fínt.*

Annars enda ég bara í sama fyrirlestrinum.

*Hrafnhildur: Þetta endar hvort sem er inni á safninu, þeir geta skoðað þetta eftir 100 ár. En þú sýndir búið á [heyri ekki] kvöldinu með performans.*

Jú jú einmitt. sko þetta, sko þarna uppi við Hlemm í þessu húsnæði hafði verið staður sem hét Abracadabra og Uppi og Niðri, ég held að það hafi verið á undan þessu, jú, og hafði verið mikið sótt af gay liði. Og svo á einhvern hátt var ákveðið að breyta þessu yfir í gay stað og þeir strákarnir, Maríus og Palli þeir voru svona viðriðnir þetta, nú þori ég ekki að fara með nákvæmar sögur af þessu en það á að halda þessu til haga. Allavega, þetta var nokkuð stór staður og það eru ungir strákar sem reka þetta og sjá um að halda þessu gangandi, allavega sjá um skemmtiatriðahald og svoleiðis lagað og þeir voru mikið fyrir það að setja upp þarna smá dragshow til að draga fólk að og halda svona stíl á staðnum. Og þetta var ljómandi gott. Og það voru þó nokkuð af piltum sem að vildu gjarnan gera þetta og voru á svipuðum aldri og þá varð hreinlega þannig að þessir strákar voru svona svolítið svona sjálfhverfir og ekki alltaf vinskapurinn upp á það besta og ég þekkti meiri partinn af þessum drengjum þannig að þess vegna fengu þeir mig að vera þarna til að halda svona stjórn á þeim. Og það var svolítið skemmtilegt að þeir hérna settu upp svona drag versjón af nokkrum atriðum úr Kabarett sem einmitt núna er verið að sýna, það er úr þessu dæmi. Mitt hlutverk í þessu var ekkert annað en það að reka þá til að mæta og þegar þeir byrjuðu eitthvað að rífast að segja þeim að þegja og bara á hælana og af stað. Og svo var voðalega gaman að þessu og þetta gekk ágætlega, staðurinn var svolítið stór til að fylla hann til að halda þessu gangandi en þetta

gekk nokkuð vel í tvö, þrjú ár. Skiptist svolítið um fólk sem að rak þetta en þetta var töluvert menningarlegt meðan á þessu gekk. Og þetta var svona '92, '93, er það ekki rétt hjá mér? Jú þetta er í kringum það og það er svolítið sérkennilegt að ástandið var þá aðeins betra í þessum skemmtistaðamálum, gayskemmtistaðamálum þá heldur en núna tíu, tólf árum síenna, það er dálítið sérkennilegt.

Já sko ég er náttúrulega algjörlega á gamalsaldri búinn að afnema allar þessar skiptingar og allt þetta, þessar fræðigreinar og allar þessar etikettur og öll þessi nöfn og alla þessa merkimiða og allt þetta. Þetta er náttúrulega meiriparturinn bull! Það er verið að reyna að fá orden í eitthvað sem er ekkert hægt að fá neina orden í. Og oftast nær þeir sem þá búa til þessi fræði eru þá oftast með þá eitthvað fólk sem kemur einhvers staðar annars staðar frá og er að reyna að yfirfæra lögmál úr einhverjum öðrum greinum yfir á þetta. Og oft á tíðum, í fyrsta lagi sem gerir þetta náttúrulega alltaf, ruglar allt dæmið að það fylgir þessu allt of mikil alvara á einhvern undarlegan hátt. Að menn, eins og drag og trönsudæmi, að fólk gerir þetta náttúrulega að gamni sínu. Að náttúrulega í fyrsta lagi sé þetta gaman, það er svona allavega stóri breiði hópurinn sem gerir þetta hreinlega sér til skemmtunar og svona örlítið til að stríða náunganum líka pínulítið. Það er mjög merkilegt viðtal sem kom í einu dagskrárritinu fyrir Gay Pride sem hann tók háskólanemi við hann Coco. Það er auðséð á viðtalinu að maðurinn hafði ekki nokkra hugmynd um hvað hann var að gera, hann jatar það í viðtalinu að hann hafi fræðst alveg heilmikið um þetta og sérstaklega hafði þessi punktur aldrei runnið upp fyrir honum að fólk gerði þetta hreint og beint að gamni sínu, sér til skemmtunar. Það er eins og það element sé bara ekkert með. Það eru alltaf einhver félagsleg dæmi og það eru alltaf sett upp einhver undarleg gleraugu sem gera allt alveg skelfilegt og þetta er eitthvað sem hrekur fólk út í eitthvað. Og eins er með þessar skiptingar þó það sé skelfilegt að segja þetta- auðvitað segir það sig sjálft að auðvitað þurfti að vera barátta að fólk fengi að vera í friði með það hvort það velur sér mann eða konu til að sofa hjá. Það segir sig náttúrulega sjálft og ætti að vera óþarfi að berjast fyrir þessu en þess þurfti. En þá hópast í kringum það einhver hópur af fræðimönnum sem býr til einhverja fræðigrein í kringum þetta allt saman og heitir skilst mér kynjafræði núna og er kennt meira að segja í Háskólanum og fólk alveg hreint á fullu að færa úr öðrum fræðigreinum inn í þessa nýju grein alls konar skilgreiningar og alls konar rannsóknir og alls konar dót en það er aldrei spurt um grundvallardæmið. Og ég hef sagt þessa sögu áður og ég er alveg til í

að segja hana aftur að ég hætti að trúá á þessa sögu þegar það var stúlka sem ég þekkti og hún var kölluð Imma minnir mig, hugguleg stúlka, grönn, dökkhærð og hún bjó með stelpu og þær voru lesbískar, þær voru lesbíur, bjuggu saman. Og þessi vinkona mín hún Imma hún fór í aðgerð og lét breyta sér og eftir það var hún piltur og er piltur núna, ég veit meira að segja hvað hún heitir. Ekkert að segja það. En stúlkan sem hún var með hún var náttúrulega lesbía meðan hún bjó með Immu en hún heldur áfram að búa með þessum pilti og núna er þessi stúlka straight. Hún er gagnkynhneigð. Ég meina hvar er vit í þessari sögu segðu mér það. Þetta er bara bull upp og niður. Þetta er ekkert svona. Munurinn er, það eru til karlmenn og konur og sá munur er nú ekki einu sinni mikill. Ef þú sérð svona tvær naktar skepnur í 200 metra fjarlægð, þú getur ekki greint er þetta karl eða kona, það er nú ekki meiri munur en það þú veist. En þar er þó allavega einhver munur. Svo er munurinn á því hvort að konur sofi hjá konum eða körlum og vissulega er það munur en sá munur er bara svo lítill að hann tekur því varla að tala um það. Það er eiginlega ekki difference og eins með karlmennina að það munurinn á samkynhneigðum karlmönnum og gagnkynhneigðum karlmönnum er náttúrulega sára sára lítill miðað við muninn á karlmönnum og konum og sá munur er ekki einu sinni mikill og öll þessi relativering, öll þessi hugsun um það hvar er munurinn, sem sagt, hann gleymist alltaf í þessum fræðum af því fólk er búið að finna sér einhverjar skilgreiningar sem það eltist við eins og ég veit ekki hvað. Og það er búið að búa, svo trúá, ennþá er þetta svolítið eins og á nítjándu öldinni, fólk trúir á einhverjar rannsóknir og trúir á einhverja fræðimenn og fólk krýpur fyrir þessu og maður skyldi ekki halda að það væru liðin rúm 100 ár síðan að þessi hugsunarháttur kom raunverulega fyrst upp að það væri hægt að átta sig á hlutunum með vísindalegum aðferðum og svo framvegis og svo framvegis En það er bara einfaldlega þannig. Og þetta skapar alveg rosalega mikið bull. [Hlær] Já þér er nær, setja hann fyrir framan myndavél og koma bara með einhverjar óljósar spurningar. Er ég ekki búinn að segja þér þetta áður? Er þetta nýtt í dag?

*Hrafnhildur: Þú getur skipt um útlit en þú getur ekki skipt um kyn.*

Nei, þú ert náttúrulega það kyn sem þú ert fædd og hvaða kyn það er veit enginn nema guð á himnum. Það er þetta sem mér finnst oft svo mikil vitleysa. Að fólk er svo fljótt að taka og éta hver eftir öðrum, ég tala nú ekki um þegar, ertu ennþá með þetta í gangi?

Þegar er komið svona þrístofna orð eins og sam, kyn, hneigður sem er nú ekkert smávegis það eru þrír orðstofnar í þessu og þetta er tiltöl, þetta er nýtt orð. Þetta var ekki til fyrir tuttugu árum, algjörlega ekki sem þýðir það að þetta orð, öll merkingin í því, það eru sem sagt fræðimenn sem leggja merkinguna í þetta orð, hvað þetta er. Og ég get sagt þér alveg eins og er að þegar ég heyri orðið samkynhneigður þá dettur mér fyrst í hug skjalabunki einhvern veginn, ég get ekki að því gert. Þetta er svona eins og öll svona mjög samsett orð sem eru löng og svona, þau virka afskaplega nákvæm en þýða í raun og veru nákvæmlega ekki neitt. Þetta er eins og virk áhættustýring þú veist.

Nei ég held ég vilji ekkert fara út í það. Ég var beðinn um daginn að hlusta, maður sem ég þekki, virtur þýðandi, hann var að þýða leikrit um klæðskipting í Berlín og svo er talað um gay bókabúð í Berlín og það er talið upp sem sagt að þetta sé verk eftir alla og svo kemur romsan við það. Það sem mér fannst skemmtilegt var að það endaði á and the friends of Dorothy. Og þá fann, ég hef þetta sem sagt frá Böðvari, hérna hinumegin við stakketið. Það er mjög fallegt. Jæja.

Já þú getur náttúrulega ekki beðið mig um að sko að beinlínis að tala um Pál Óskar og Hörð Torfason því ég þekki báða og þá er ég farinn að tala um vini mína og leggja einhvern dóm á það. En ég held að munurinn sé í fyrsta lagi sá að Hörður er þetta miklu eldri að þegar hann byrjaði að tala um þessa hluti þá mætti hann, gjörsamlega rakst á vegg. Algerlega á vegg. Þetta var algerlega óheyrt og ekkert, enginn hljómgrunnur fyrir þessu í bókstaflegri merkingu. Það þetta heyrðist ekki hvað hann var að segja, fólk var svo, þetta var slíkt sjokk í þeim skilningi að það er eiginlega ekki hægt að lýsa því einhvern veginn að þetta var óheyrt eins og það heitir. Og ég held að það hafi verið ástæðan fyrir því hvernig þetta orkaði á hann og ég efast ekkert um það að allt sem hann hefur sagt um það hvernig honum var tekið að það er allt saman satt. Og ég er alveg viss um það að hann hefur ekki verið að bera sig upp undan hlutum sem ekki voru. Hann er ekki að ýkja viðbrögðin við því þetta var svo nýtt og ég held að það sé aðal munurinn að þegar Páll Óskar kemur svo og fer að tala um sig og sína hluti og svo framvegis og er líka tónlistarmaður og nær eyrum fólks og þar er einhver hljómgrunnur fyrir. Þá var kannski einhverjir sem hneyksluðust og það má vel vera að einhverjum hafi þótt þetta of mikið en fólk vissi þá allavega um hvað var verið að tala og þar held ég liggur allur munurinn. Og svo náttúrulega bara smekkur fólks breytist og ég man sko

að það sem þótti, núna þætti það kannski ekkert spennandi en ég man þegar þau voru í kosningasjónvarpi skemmtiatriði, Páll Óskar og Maríus, Og Páll Óskar var hún, Dionne Warwick held ég að það hafi verið, og Maríus og Árni Glóbó sem svona background píur og þetta voru skemmtiatriði í kosningasjónvarpinu þegar fólk er að bíða eftir tölunum sem sagt. Og þá situr nú fólk við skerminn sem er nú mjög svona ábyrgt og þú veist allir landsfeður og mæður sitja og bíða eftir því hvernig þetta er. Og þetta fannst okkur mjög skemmtilegt og held að það hafi bara verið mjög fínt. Núna þætti þetta sennilega ekkert frumlegt lengur.

Já sko eins og ég sagði áðan þá hefur mér alltaf fundist þessi barátta fyrir lagalegu jafnrétti, mér hefur fundist hún nauðsynleg en hún hefur aldrei beinlínis svona snortið mig neitt ægilega mikið svona persónulega af því að mér hefur alltaf fundist að það væri ekki hið opinbera og lögin sem að háðu okkur mest heldur miklu meira eigin fordómar og eigin bæling. Eins og einn góður vinur minn orðaði það hann Nonni listamaður að: Ísland er eina landið í heiminum þar sem fólk kúgar sig sjálft. Og þess vegna fannst mér, já jújú, sérstaklega með þetta frumvarp um staðfesta samvist og það allt saman að ég gerði mér líka fulla grein fyrir því að þetta hefði sko svona bergmálsáhrif eins konar. Að þegar hið opinbera væri búið að setja þennan stimpil á þetta að þá gæti sem sagt hvaða sauðarhaus sem væri séð að þetta hlyti þá að vera í lagi að ef þetta væri algjör glæpur gegn allri náttúru og væri svona álíka og mannsmorð að þá gæti þetta ekki verið leyft. Og fólk er nú einu sinni að hugsa svona og þess vegna var þetta mjög fín og svo blandast líka fleira inn í þetta sko það er líka eitthvað örlítið sem heitir þjóðarstolt. Að maður skammaðist sín fyrir að þetta skyldi vera svona hallærislegt hérna. Það er það sem að er og fólk áttar sig ekki alveg á því að þetta gengur ekki bara út á persónulegan hag. Maður skammast sín líka fyrir fólk að það skuli haga sér eins og hálfvitar, að maður er svona heldur hreykinn af þinginu að það skyldi nú koma þessu í gegn og þó það væri þessi eini maður sem var á móti þessu að þá var það náttúrulega, einhvers staðar þarf að vera fífl. Það segir sig sjálft. 27. júní var mjög fallegur dagur og ég gleymi ekki þessari móttöku uppi í anddyrinu á Borgarleikhúsinu. Að þar allt í einu birtist fólk sem maður svo sem vissi af, hafði svo sem séð og svoleiðis lagað en þetta er í fyrsta skipti þar sem fullorðnir karlmenn sem eru búnir að búa saman kannski í 20, 30 ár, en þetta var í fyrsta skiptið, allavega í fyrsta skipti sem ég sá þessa

menn koma saman á mannamót og vera svona nokkurn veginn þeir sjálfir og mér fannst það mjög fallegt að sjá.

Bíddu nú við, einhver skrattinn var það en ég man nú ekkert hvað þetta var. Það var eitthvað vesen ég man ekkert hvað þetta var.

*Hrafnhildur: Hann vildi ekki hafa klám í dagblaðinu og [heyri ekki].*

Þetta var eitthvað svona vesen og ég man eitthvað eftir þessu en ekki mikið, ég er eiginlega bara búinn að gleyma þessu.

Sko það er alveg greinilegt. Og fólk bögglast miklu miklu meira heldur en nokkurn tímann maður áttar sig á og það eru ennþá svona undarleg dæmi um undarlegt fólk sem lendir í svona bölvuðum vandræðum sem eru algjörlega óþörf einmitt eingöngu út af því að þau geta ekki áttað sig á því að hlutirnir eru eins og þeir eru og sætta sig við það og taka afleiðingunum af því. Ég var nú bara síðast í dag, þá var ég að tala við einn gamlan vin minn sem var með strák hér í gamla daga, fyrir átta eða níu árum og sá piltur hann hrökklaðist til útlanda og býr þar núna atvinnulaus í einu herbergi, búinn að gera það í átta eða níu ár og er greinilega að flýja bara inn í sinn heim og það sem er að þessum dreng er ekkert annað, lítur út fyrir að minnsta kosti, er það að hann hefur aldrei getað komið út úr skápnunum eins og sagt er. Hann getur ekki áttað sig á því að þetta er bara afskaplega ómerkilegt fyrirbrigði að hann skuli vera hommi og ekkert meira um það að tala. Svo getur hann bara haldið áfram að lifa lífinu og vinna sína vinnu og kynnast sínu fólki og ná sér þá í mann eða ekki mann eftir því hvernig hlutirnir ganga fyrir sig. Hann sýnir öll, ég hef séð þennan pilt nokkrum sinnum, og hann sýnir öll bælingarmerkin sem ég man eftir að hafa séð hvernig fólk var í kringum 1970 sem lenti þá gjarnan í svona tveggja, þriggja ára fasa þar sem fólk lenti í svona ofboðslegu mótþróa gagnvart umhverfinu sem að snerist inn á við hjá þeim þannig að menn urðu eins og hálfgerðir fávitar sem sagt eða allt að því. Settu upp einhvers konar látæði sem enginn skildi nema þeir sjálfir og lifðu raunverulega í sínum eigin litla heimi. Þetta er svona, þar samþykki ég alveg fræðingana að það er alveg ábyggilegt að það væri hægt að hjálpa mönnum sem eru að koma út úr skápnunum og gera sér grein fyrir því, það er alveg greinilegt af því þar eru bara einfaldlega og koma fram sömu munstrin í hátterni

og hverju öðru þegar fólk getur ekki lifað sínu eðlilega lífi. Það held ég að sé alveg á hreinu. En þetta er enn þann dag í dag. Ég veit ekki hvort þú hefur kíkt á bók sem að strákur skrifaði sem að hefur verið við háskólann í Chicago, hefurðu kíkt á það?

Rannsóknarspurningin hjá honum var sú sem sagt: Er fólk hamingjusamara eftir að það fékk þessi réttindalög eða ekki? Hverju hefur þetta breytt? Og hann sendi mér þessa bók og ég leit á hana en ég var nú ekki miklu fróðari eftir það. Ég hef nú raunverulega ekki lesið þetta almennilega og þetta er svo stórt spursmál. En mér fannst þessi grundvallarspurning, þessi rannsóknarspurning hjá honum fannst mér mjög góð sem sagt, hvort að fólk væri, hve mikið þetta virkar, hve mikið þetta hefur batnað. Ég held að, þetta er svo persónulegt mál, að ég held það sé ennþá þannig að þegar einhver strákur áttar sig á því að hann er gay að þá held ég það hljóti alltaf að vera heilmikið uppistand í sálarlífinu meðan hann er að komast yfir það að þetta sé si svona. Því það býst náttúrulega enginn við þessu, það segir sig sjálft, það er alltaf gert ráð fyrir að allir séu straight, það er nú þessi gamla saga. En ég held að munurinn sé sá að núna er náttúrulega mikið auðveldara að afla sér fræðslu, það er mun auðveldara að tala um þetta að fólk sem er svona nokkurn veginn læst og skrifandi að minnsta kosti að það er miklu auðveldara að færa þetta í tal við fólk og það lendir ekki í sömu gryfjunni og Hörður Torfason að koma að þessum algjöra skilningslausa vegg. Og munurinn er held ég fólgin í því. En ég held þetta sé ennþá erfitt.

Já sko, á sínum tíma á meðan strákarnir voru að hrynja niður úr alnæmi að þá man ég að ég var alveg rosalega óánægður með það hvernig kirkjan tók á þessu málum. Mér fannst þetta vera fyrir neðan allar hellur því það er nú einu sinni þannig að kirkjan og prestarnir eiga, það er gjarnan leitað til þeirra á hörmungartíma. Og einmitt í þessum hörmungum þá brást kirkjan gjörsamlega. Þeir vissu alveg hvað var að ske, þeir fylgdust alveg með en þeir þorðu ekkert að gera. Og ef það er eitthvað sem er andstætt kristindómnum þá er það það að horfa á náungann þjást og gera ekki neitt. Og þora ekki að gera það út af einhverjum félagslegum, að það yrði kannski ekki vel liðið í samfélaginu. Þetta var slíkt ömurlegt dæmi og hægt gat orðið. Svo þegar þetta leið nú hjá allt saman og maður fór kannski aðeins að átta sig á þessu og svona jafna sig á þessu pínulítið. Þetta líf er einfaldlega verður fortíð eins og annað. Þá var meira að maður hálfpartinn undraðist þetta, maður er hissa á kirkjunni hvað hún er lengi að taka við sér

og hvað þetta var svona mikill bögglingur á þessum prestum. Og allavega sýndi það sig í þessum, að þeir kunnu ekkert að taka á þessum málum og skýtur sér hver fyrir aftan annan. En einhvern veginn með svona tímanum þá hætti ég að vera svona illur út í þetta. Kannski af því að mér meira þykir þetta hjákátlegt og hallærislegt og asnalegt og eitthvað svoleiðis lagað og núna þegar maður heyrir, ég heyrði um daginn þá vorum við komnir í Kastljósið held ég tveir prestar og annar kona og spyrillinn og þetta fólk, náttúrulega gjörsamlega gagnkynhneigt, ræddu fjálglega um það að kirkjan þyrfti nú að taka þetta upp á sína arma, þetta væri nú alveg skelfilegt og núna er sem sagt sá ég sko kirkjuritið, varst þú ekki með þetta um daginn? Þar sem þetta er orðið tema í kirkjunni, að núna er þetta orðið nógu útpvælt til þess að kirkjan sem stofnun geti tekið þetta að sér og geti rætt um þetta af því þá geta þeir velt þessu áfram án þess að hneyksla nokkurn mann. Hvað þetta er eitthvað ömurlegt fyrir þessa stofnun. Og það sem mér hefur fundist, ég man á sínum tíma skrifaði ég einhvern smá pistil um þetta dót og las hann upp fyrir þetta trúarfélag. Ég man alveg eftir þessu og þau voru, þau vissu ekki alveg hvort þau áttu að hlæja eða gráta sko. Þú veist ég var að benda þeim á, þetta var einmitt skömmu eftir að þessi alnæmislátu voru sem verst, ég var að benda þeim á að það eina sem hafði komið frá og það var alveg rétt, að það eina sem hafði komið frá íslensku þjóðkirkjunni um þessi mál var það eina sem kom fram það kom fram í líkræðum yfir hommum. Ekkert annað. Og samt voru þeir jarðandi þetta daginn út og daginn inn og það var nú eitt systemið í viðbót hvernig það kom fram sko. Það var eins og sumir af þessum mönnum hefðu aldrei átt neitt tilfinningalíf og hefðu bara fæðst og dáið án nokkurs hlutar einhvern veginn. Þetta allt saman fór svolítið í taugarnar á manni. En núna finnst manni þetta meira svona, það verð ég að segja alveg eins og er sko, ég hef, ég skipti mér ekkert af þessu raunverulega, ég sé þetta meira svona eins og hefðir en held að það sé til dæmis mjög gott hvað það hefur komið mikið af konum í prestastéttina og þar kemur þetta aftur að þær eru hyggjari. Og hugsa meira um endann á þessu öllu saman og hvernig þetta geti farið og eitthvað svona. Ég held að það sé mjög til hins betra.

DVCAM 198

Að sjálfsögðu þá þarf, þá kemst enginn áfram neitt í þessum leik nema leika sama leikinn það segir sig sjálft. Það þarf sama, það þarf að tala sama tungumál og þetta fólk



talar og þá eru í raun og veru, virðist vera, ekkert endilega málið hvort að það felst eitthvað á bak við þetta, það er rétt eins og með kirkjuna. Nú hefðu þeir getað sagt á sínum tíma: Þarna er fólk sem þjáist, við hjálpum því. En það var ekki hægt vegna þess að það var ekki kominn, það var ekki búíð að ræða málið, það hafði ekki farið fyrir nógu marga fundi og það var ekki komið með nógu margar samþykktir. Og eins er með þetta lagaumhverfi. Það þarf að geta vísað í svo og svo margar rannsóknir og svo og svo mörg plögg. Þess vegna sem ég segi samkynhneigður og heill skjalabunki. Þannig er bara einfaldlega þannig því þetta eru þessar félagslegu, ofnotað orð, þetta sko. Fólk er alltaf að baktryggja sig. Það tekur ekki ákvarðanir af eigin skoðunum heldur það vill geta sagt: Mér er sagt þetta og þetta og þetta og það er þetta fólk sem á að segja mér það og ég tek enga ábyrgð á því. Þetta er þessi nútímahugsunarháttur. Og þessi, ég tek það aftur fram að ég styð þetta mjög að lagaumhverfið sé í lagi. En mér finnst að það sé eiginlega svona sjálfsagður hlutur eiginlega. Það er hitt sem er hið raunverulega umhverfi, hvernig fólki líður. Það er ekkert þannig fyrir strák sem er að koma úr skápnum þá er það kannski stuðningur ég veit það ekki, en ég held að það sé ekkert mjög mikill stuðningur fyrir hann að ef hann gerist gay, ákveður að lifa lífi sínu gay að þá megi hann ættleiða barn. Það brennur ekkert á honum sú spurning. Það er það sem ég á við heldur hitt að þetta sé viðurkennt í skólanum, að það sé gert ráð fyrir þessu í skólabókunum. Að það sé gert ráð fyrir þessu í lífinu einhvern veginn og það er það sem að, og hann hafi einhvern stað til að fara á og geti hitt eitthvað fólk. Það er málið. En það virðist ekki vera neitt svo eftirsótt. Það virðist ekki þykja neitt svo merkilegt. Það eiga bara allir að vera á sunnudögum að grilla. Nei suss. [Hlær]

Að lokum? Sko það sem er merkilegt núna það er það sem hefur, er ef við getum litið á þetta aðeins úr einhverri fjarlægð að þá er það sem er einna skemmtilegast núna, það er þessi ímynd Íslands og Reykjavíkur sem, að hér sé svo skemmtilegt og mikið gaylíf og það er alveg dásamlegt. Það hefur snúist gjörsamlega við ímynd borgarinnar frá því að vera algert násker þar sem ekkert er að gerast og allt einhvern veginn ómögulegt, yfir í það að hér sé bara virkilega mikið gaylíf og tilheyrandi læti og það hefur náttúrulega orðið sérstaklega mikið í kringum Gay Pride og gönguna og þetta dót. Og það að fá 20, 30 þúsund manns í göngu og áhorfendur og svona, það þætti nokkuð gott í hvaða borg sem er þó hún væri, byggju þar ein, tvær milljónir, þá væri það bara nokkuð gott að fá 40.000 manns. Það er nokkuð stór hópur af fólki. Og svo að þessi veruleiki

lífi mjög góðu lífi á netinu til dæmis þar sem er nú afskaplega auðvelt að búa til þennan fræga sýndarveruleika og svo er sem sagt spursmálið hve mikið þetta nær inn í þennan raunverulega veruleika þar sem að raunverulega rignir og svona raunverulega kemur nótt og raunverulega kemur ís og snjór og allt þetta. Og þá kemur þetta sem er mjög skemmtilegt að mér finnst að hérna að Reykjavík verður svolítið rétt eins og felumynd. Að það fer eftir því hvernig þú lítur á hana, hvort þú horfir hérna megin eða hérna megin sem sagt, að þetta er, alla vikuna er þetta bara þorp more or less, svona lítil smáborg eða þannig sem er bara afskaplega róleg, hver maður sinnir sínu og svo í tvo sólarhringa frá föstudagskvöldi til sunnudagsmorguns að þar breytist þetta í iðandi heimsborg, þessi litli kjarni í miðbænum og þar sem allt er á fullri ferð og maður hugsar bara, hvar er þetta fólk vanalega? Og þá er spurningin um hvar gay fólkið nái sinni sneið af þessari köku og haldi uppi sínu merki til að halda sínu fólki saman. Og það eiginlega held ég að sé næsta hlutverkið, þetta hefur gengið mjög vel með Gay Pride og gönguna og þetta dót en það vantar svolítið upp á það að það séu svona gay skemmtistaðir sem hafa einhvern kúltúr á bak við sig og eru reknir á eðlilegum viðskiptalegum grundvelli. Og ég held að það sé alveg hægt ef að fólk fer svolítið upp úr þessum hjólförum sem það er búið að vera í. En það er greinilega næsta verkefni.

Já þetta er sko af því að fólk er svo hryllilega fast í því að þetta þurfi að vera svona og svona og svona þú veist en það er svolítið merkilegt sko. Er þetta ekki nóg? Ég get auðvitað haldið áfram að tala. Þú getur látið mig tala endalaust ef það er ekkert vandamál. Það er alveg heil deild sem þú hefur ekkert minnst á og það er MSC. Nei hún er bara ekki með. Sko þess vegna segi ég þetta með stað sem hafa eðlilegt viðskiptadæmi skilurðu það er ekki bara svona sko. Ég dró mig út úr þessu Gay Pride dóti til þess að nota tímann til þess að nota tímann, ég sagði þér þetta, til að nota tímann sem hafði farið í Gay Pride, mér fannst vera farið að fara allt of mikill tími í þetta og nota þann tíma til að vinna sjálfur og vinna fyrir sjálfum mér og borga mínar skuldir og skatta og það dæmi. En sá tími sem ég sparaði mér hjá Gay Pride fór allur í klúbbinn. Og svo sem sagt í vor þá áttaði ég mig loksins á því að þetta væri nú orðið, að það væri nú bara möguleiki að hreinlega hætta þessu. Og þá bara cuttaði ég gjörsamlega á þetta og hef bara ekki komið inn fyrir dyr nema einu sinni, óvart, og ætla ekki að koma þarna fyrir en í haust. Og þetta er ekki móðgunarstúss eða neitt svoléiðis lagað en þá er þetta bara einfaldlega sko, það er líka eitt sem að mætti alveg sko, það á kannski ekki erindi

Í þessa mynd en þetta er einn af þessum hlutum sem að þessir pólitíkusar átta sig ekki á og það er það hvað þetta félagsstarf er rosalega dýrmætt. Ég veit að það eru til hagfræðiformúlur fyrir þessu, hið opinbera og svo einkageirinn og svo sjálfbóðaliðavinnuframlagið, hvað það hefur mikið að segja. Og, sko, gay félagslíf hefur eingöngu byggst á sjálfbóðavinnu og það er fólk sem hefur lagt fram alveg sko ótrúlega mikla vinnu í kringum þetta dót. Og ég þarf ekki að nefna nein nöfn en það er fólk sem vinnur og vinnur og fær náttúrulega ekki neitt, ekki einu sinni þakkir en býst nú kannski enginn við því en þegar þetta er orðið þannig að og ég átti skemmtilegar viðræður við vin minn um hver væri eiginlega munurinn á, við vorum með þetta á ensku, hver væri munurinn á dedication og addiction sem sagt, hver væri munurinn á því að helga sig eitthvað verkefni og hvenær þetta væri orðið eiginlega fíkn. Og við vorum sammála um það að þegar þetta væri farið að spilla fyrir manni og skemma fyrir manni að þá væri maður ekki lengur að hérna helga sig einhver verkefni, þá væri þetta komið í einhverja, þú veist, orðinn háður þessu á einhvern hátt. Og ég held að það mætti alveg reyna að meta það pínulítið meira, ýta aðeins undir þetta sko að þeir sem eru til í að gera eitthvað fyrir samfélagið að þeim sé gert það auðveldara.

Þetta er svo stórt mál og ef á að fara út í þetta er spurning frá hvaða sjónarhorni maður á að gera þetta. En svona sögulega séð svo ég byrji bara í tímaröð sem er svo þægilegt og gefst alltaf svo vel að fá eitthvað horn á þetta, að MSC Ísland er 20 ára í ár. Það er 1985 að þá vorum við þarna nokkrir strákar sem höfðum allir búið í útlöndum, búið í Kaupmannahöfn, búið í London, búið í Amsterdam, búið í San Francisco og allir komnir hingað heim aftur og þetta er '85, já, og við ákváðum að stofna einn svona leðurklúbb MSC Ísland og þetta var nú aðallega líka vegna þess að það eru til Evrópusamtök ECMC, European Confederation of Motorcycle Clubs, þar sem að eru klúbbar karlmannna sem eru gay, fíla það að, sem sagt, vilja, eru ekkert fyrir þennan pilsaþyt allan og dragdæmi og svoleiðis dæmi og hafa haft með sér þessi samtök alveg síðan '72. Og þetta eru sko ópólitísk samtök í þeim skilningi að þetta gengur eingöngu út á að hittast og halda veislur og skemmtanir en það er bara heilmikil pólitík í því. Það er nefnilega málið og svolítið erfitt að koma fólki í skilning um það að það sé líka pólitík. Og í þessum ECMC samtökum voru, '85 þegar við vorum að athuga þetta sem sagt, þá eru þarna ein tólf eða fjórtán lönd og 40, 50 klúbbar og enginn náttúrulega frá Íslandi og okkur fannst þetta ómögulegt að það væri ekkert hér og líka þessi, þá var sko

’85, þá voru Samtökin búin að vera til í hvað, sjö, átta ár en höfðu enga, sýndu enga tilburði í þá átt að búa til eitt eða neitt sem að gæti verið þannig að fólk gæti hist og séð hvort annað. Það var bara einhvern veginn ekki, þetta var allt á einhverjum pappírurum og í einhverjum abstrakt hugmyndum um réttindi og fóbíur og ég veit ekki hvað og hvað og hvað en að það væri venjulegt fólk sem vildi lifa venjulegu lífi og hitta hvort annað og hafa það bara nokkurn veginn huggulegt, það var bara ekki til sem sagt. Svo að hugsunin var líka sú að með að setja svona hérna klúbb og fá okkur pósthólf að þá gæti það fólk sem var að koma hingað að það gæti hitt þá eitthvað fólk, komist í samband við einhvern og farið þá út sem sagt og hitt einhvern og talað við einhvern og komist í eitthvað samband. Svo við stofnuðum þennan klúbb og við Trixie fórum á þetta fyrsta ECMC-þing í Edinborg ’86 að það var afskaplega skemmtilegt. Það hafa komið þangað fleiri. Það var Þórir Björnsson þarna náttúrulega líka og einhver strákur í viðbót sem hafði verið í London og ég gleymi þessu aldrei. Ég fékk þarna létt menningarsjokk þarna í Edinborg. Sem sagt forseti klúbbsins í Edinborg var arkitekt og var með sérsvið í því að búa til svona stóra tígulofna og maðurinn hans var dómari og þeir áttu stórt hús þarna í Glasgow þar sem arkitektinn hafði lagt sko marmaragólf eða tígla á allar stofurnar, þetta voru stórar stofur, og þarna voru 200 leðurgæjar í stígvélum svo harkið var svona all rækilegt. En þetta var mjög skemmtilegt og þeir voru mjög ánægðir með að hafa okkur og þetta er sem sagt, sko karlaklúbbur segir sig sjálft og heldur í allar þessar hefðir þessar sömu, ég segi stundum að ef þessir menn væru ekki gay að þá hefðu þeir líklega verið í skipulagningu í íþróttahreyfingunni sko, þetta er sú tegund af fólki. Miðstéttarmenn sem eru kannski alla vikuna í gráum jakkafötum og vilja svo vera svolítið gæjar á helgum sko og eiginlega er þetta spurning um stíl. Og einmitt með því að skipta þessu niður eftir löndum og þetta er afskaplega virðulegt alveg eins og hjá Sameinuðu þjóðunum og þetta byggist svo mikið á þessu. Þetta virkar svolítið eins og fáránlegt og einhver svona Transylvaníudæmi eins og bara beint út úr Rocky Horror einhvern veginn, hvað eru þessir menn að gera? En undirrótin undir þessu er auðvitað virðingin fyrir náunganum og að virða náungann að hann sé skilurðu hafi eitthvað á bak við sig. Og þar með kemur náttúrulega virðingin líka fyrir sko borginni, fyrir landinu, fyrir klúbbnum þessu að fólk sé virt einhvers og það er sko grundvallardæmið. Svo koma einhverjir fræðingar alltaf með einhverja fetishisma og SM og guð má vita hvað og auðvitað er það líka það er borin virðing fyrir því að fólk hafi kannski einhver áhugamál sem eru ekkert endilega það að ná sér í konu og eignast

krakka. Þetta er bara langt í burtu frá því það eru allir aðrir hlutir á ferðinni annað heldur en það ég meina, og kæmi það heldur engum við. En það vill nú gjarnan vera þannig að fólk einblínir á það sem höfðar eitthvað til þess eða einhvern veginn þannig og þetta er, sem sagt þessir klúbbbar eru sprotnir af mótörhjólaklúbbunum og fylgir þessu dæmi með leðurklæðnað og hafa sína hluti í lagi og allt svoleiðis lagað og jújú ECMC er meira að segja með bikerun sko árlega og allt hvað eina en þetta er allt saman orðið svona dálítið mikið í burtu frá því dóti sko. Og til dæmis í MSC Ísland held ég að sé bara ekki nokkur maður sem hefur nokkurn tímann átt hjól sko. En þetta sem sagt í 20 ár hefur þetta gengið og gengið nokkuð vel og gengur eiginlega bara út á þetta að gefa fólki tækifæri til að hittast og vera í svona nokkurn veginn hlutlausu rými ef maður segir sem svo svona útiloka fólk sem hefur ekkert þarna að gera. Og við höfum verið með þennan stað þarna niðri í bæ alveg síðan '97 og höfum rekið þetta í sjálfboðavinnu algerlega og þetta hefur gengið bara ágætlega, bara ljómandi vel og þetta er svo vinsælt hjá til dæmis erlendum ferðamönnum, til dæmis gay ferðamönnum að það koma þarna hverja einustu helgi allt sumarið að minnsta kosti eru þarna að minnsta kosti tíu, tuttugu manns á hverri helgi sko og það er stöðugt, þetta er, eins og ég segi, fyrir gay strákana, koma allir gay menn sem að koma til landsins þá er það Bláa Lónið og MSC. Og það er fólk á öllum aldri í þessu og það er eins og skemmtistaðamenning, það er eins og hún, þau haldi það að fólk hætti að þurfa að fara út að skemmta sér þegar það er orðið þrítugt og fertugt en þarna eru menn á öllum aldri og koma alveg upp í fimmtugt og sextugt og sjötugt þess vegna, eldri þess vegna. Sko heiðursforsetinn okkar, Þórir Björnsson, hann verður nú bara hvorki meira né minna átræður á næsta ári það er ekkert öðruvísi. Og hann hefur alveg húnur fyrir því. Síðast á Gay pride, hann var með okkur á vagninum síðast. Þá segir hann á eftir: Það þarf nú dálítinn húnur til að taka þessu, ég hallaði mér svona fram, sagði hann. Þá heyri ég að einhver segir: Sjáiði þennan gamla! Já.

Maður fer alltaf með sömu þuluna sko. En fólk heldur að þetta sé leðurhommaklúbbur sko, strákarnir sjálfir skilurðu, það hefur eitthvað skánað en á tímabili var þetta þannig að yngri strákarnir þorðu ekkert að koma þarna inn fyrir dyr. Þeir héldu bara að þeir yrðu bara negldir upp á vegg með det samme. Svo fóru þeir nú að fatta þetta að þetta væri nú ósköp notalegt sko.

Það er svo gaman að sko ég bara hef ekki efni á að gera þetta sko. Ég er farinn að vera þarna hverja helgi, sérstaklega eftir að hætti að vera, sem sagt eftir að Jón Forseti lokaði. Það var nú eiginlega fyrr, þetta var áður en hann opnaði, það var enginn staður þá og þá var farið að hafa opið á föstudögum líka og þá var opið tvö kvöld í viku og halda þessu hreinu og skipuleggja vaktir að það er eins og að reka sko gay skemmtistað í miðbænum kauplaust. Og það er bara einfaldlega of mikið. Og þó ég hafi gaman að þessu þá bara hef ég ekki fjárráð til þess. Og svo er líka mjög gott að taka sér pásu frá þessu, það er alveg nauðsynlegt. En það sem er sko svo skemmtilegt, sko, útlendingar vita miklu meira um þetta virðist vera, þeir eru ekki, þeir búast ekkert við svona sko, þar sem er gay skemmtistaðamenning að þar hafa verið barir sem kenna sig við eitthvað leður og þá eru þeir búnir að vera til þarna svo lengi og lengi og lengi og menn eru búnir að fara og kíkja á þetta og sjá að þetta er svo sem ekkert öðruvísi, þetta er bara meira svona spurningin um smekkin, að sumir karlmenn fíla það að hafa einhverja menn í kringum sig sem eru með litað hárið og ægilega fínir og svona tenderandi yfir í drag eða eitthvað svoleiðis lagað og svo eru menn sem að fíla það ekki neitt og fíla miklu meira heldur karlmannlegri menn hvað svo sem það er en ég held að það sé líka eitt af þessu dóti sko að, þegar að réttindin aukast og bælingin minnkar að þá hverfur líka þessi drottningaráttur. Þá hverfur þetta undarlega látæði og þessi sérkennilegu, ja hvað á maður að segja, það er ekki einu sinni hægt að kalla þetta eftirhermur af kvenfólki því kvenfólk lætur ekkert si svona en það er sko mjög sérkennilegt. En sumum finnst þetta skemmtilegt, þetta er einhver svona communication form, þetta eru einhver samskiptaform og það getur verið nauðsynlegt skilurðu til dæmis ef það eru karlmenn svo og svo margir saman og enginn þeirra veit hvað hver fílar. Einhvern veginn þurfa þeir að koma því til skila að þeir séu nú, skilurðu og þá verður þetta svona sérkennilegt og mér finnst þetta alltaf mjög gaman að fylgjast með þessu öllu saman ég segi það líka stundum að það eru til svona fuglaskoðarar sem eru kannski hálfan mánuð úti í mýri í vaðstígvélum að horfa á einhverja undarlega fugla sem eru að koma og fylgjast með þeirra hegðun og þeir eru alveg heillaðir af þessu. Eins get ég enn þann dag í dag staðið á einhvern svona gay bar og horft á karlmenn sko sjá þetta undarlega fyrirbrigði hvernig þeir fara að því að ná sambandi hver við annan. Það er alveg stórkostlegt. Venjulegur straight karlmaður, ef hann er venjulegur, allavega maður sem er að stíga í vænginn við stúlku, ástfanginn karlmaður er alltaf hlægilegur það er ekkert við því að gera það bara fylgir dæminu. Og strákar sem eru að reyna hver við aðra þeir

halda ekki uppi neinu, þeir geta ekki þóst vera neitt annað en þeir eru. Það dettur alveg af þeim gríman sko, þú veist. Og þar fylgir líka saman hvers vegna svona íhaldsamir menn eiga svolítið bágt með að vera gay. Það er vegna þess að þeir geta náttúrulega ekki haldið grímunni. Þú getur ekkert þóst vera einhver ægilegur fjármálaspekúlant í jakkafötum og með alla hefðina á bakinu og verið að reyna við einhvern strák. Það bara gengur ekkert upp. Það kemst enginn upp með það. Það er það sem er.

Ég veit ekki hvað ég á að segja um þetta. Ég held að það sé með Ísland eins og öll önnur lönd að því leytnu til að það er eitt að búa hérna og annað að koma hingað sem túristi. Sko ímyndin sem við höfum útávið sem virkar náttúrulega þó hún sé náttúrulega bara ímyndin og svo er svolítið annað að vera hérna og búa hérna ég held það sé alls staðar þannig. Og ég get eiginlega bara sagt eftir því sem ég hef heyrt frá útlendum vinum mínum sem að koma hingað, að það sem þeir verða svolítið hissa á er að þeim finnst alltaf eins og þeir orða það sko eðlilegt einhvern veginn. Þeim finnst þeir sjá í gegnum allt og þetta er náttúrulega líka ranghugmynd held ég, eins og einn orðaði það, þetta sé svo ófirrt. Og það er náttúrulega dálítið til í því að hér er sæmileg atvinna, hér er sæmileg menntun og einfaldlega svo fátt fólk að fólk fær eiginlega nóg við sitt að gera. Það eru ekki þessir massar af fólki, ekki þessi fjöldi fólks sem veður einhvern veginn um án þess að hafa einhvern tilgang og það held ég bara að sé alveg rétt, bara fjöldinn er ekki svo mikill til þess að ná því að það verði svona hálfgerð svona landeyðufyrirbrigði, svona menn sem að virðast velta áfram án þess að hafa nokkuð markmið eða þessháttar. Fólk bara kemst ekki upp með það, það er drifið í vinnu eða guð má vita hvað fyrir en varir einhvern veginn. Og þetta er svona þessi viðbrögð sem ég hef séð frá fólki sem að kemur hérna og það er eiginlega að hugsa: Nú þetta er þá ennþá til. [Hlær]. Og því finnst þetta sem okkur finnst kannski vera vandamál að þeim finnst það vera svona dálíttill ferskleiki. Sem sagt að menn sem að til dæmis búa í stórborgum og eru búnir að sækja sömu gay staðina í mörg herrans ár og allir orðnir löngu löngu löngu leiðir og þreyttir á þessu og þetta er allt saman orðið útjaskað og slitið og þreytt og leiðinlegt, að koma hingað þar sem er bara ungt og huggulegt fólk sem er: Guð þetta er alveg skelfilegt, við höfum engan gay stað, okkur langar svo, okkur langar svo. Að þeim finnst eins og þarna sé einhver svona, já, líf og löngun og einhver ferskleiki í þessu. Þetta hefur mér svona fundist vera sko. Og svo náttúrulega er spursmál hvort að þetta sé í raun og veru svona ég ætla ekkert að segja neitt um það.

*Hrafnhildur: Ég nefnilega sá að þessi ákveðni maður sem að þarna er á minnst var barinn í vikunni.*

Og hann er ekki búinn að kæra.

*Hrafnhildur: Og hvað ertu með þarna?*

Þetta eru sem sagt einu viðbrögð íslenskra fjölmiðla þegar við mánudaginn 5. desember 1977. Sem sagt þetta er haustið áður en Samtökin eru stofnuð og þetta eru fyrstu og einu viðbrögð íslenskra fjölmiðla við því að við sendum út smá tilkynningu um að við hefðum, ég ætla að taka það úr þessu plasti hérna, dálítið ljótt. Sem sagt á íslensku og ensku bara greinilega, þá var orðið samkynhneigð auðvitað ekki til.

*Hrafnhildur: Og hvað stendur þarna?*

Það stendur fréttatilkynning: „Fyrir nokkru voru stofnuð í Reykjavík samtök er nefnast Iceland Hospitality. Að Samtökunum standa um 30 manns,“ held að það hafi nú kannski verið örlitlar ýkjur og þó nei það komu 30 manns á fund, „flestir milli tvítugs og þrítugs sem telja svonefnda “kynvillu”“ í glæsilegum gæsalöppum, „hvorki sjúkdóm né siðspillt athæfi heldur einn þátt mannlegs eðlis sem hvorki sé gerlegt né endilega neitt æskilegt að bæla niður. Megintilgangur Samtakanna er að efla samskipti þeirra sem eru sama sinnis og vinna gegn fordómum og fáfræði um þessi mál. Utanáskrift Samtakanna er Iceland Hospitality, pósthólf 4166 Reykjavík“. Og þetta pósthólf var það sem að var pósthólf Samtakanna '78 svo því létum bara Hörð Torfason fá lykilinn að þessu pósthólfi og hann kallaði fólk saman á fund og stofnaði Samtökin '78. Og við sendum þetta, þetta var nú hálfgerð grín að vera að senda þetta til íslenskra fjölmiðla, við bjuggumst nú ekki við neinu af því. En aðalatriðið var það að hafa þetta á ensku og senda þetta í gay fjölmiðlana úti í heimi til þess að fólk áttaði sig á því á Íslandi að við værum ekki algjörlegir eskimóar hérna heima, það væri eitthvað til sem héti hugsandi fólk á Íslandi. Það var nú svona hugsunin í þessu. Og þetta starfaði ágætlega, við byrjuðum á þessu '76 og í þessi tvö ár, '76 og '77 og alveg fram í janúar, við Reynir Már fórum til Kaupmannahafnar janúar '78, þetta snerist mikið í kringum okkur og



Trixie, við vorum þarna þrír sem stóðum í þessu. Og við fengum hin og þessi viðbrögð frá útlöndum og ég man að það komu strákar hingað og líka blaðamenn og það var byrjað að skrifa um Ísland að þetta væri nú til og ég man sérstaklega eftir að það kom hingað piltur sem hét Philip og kom alla leið frá Ástralíu. Þjó hjá Trixie og skrifaði svo ljómandi fína grein um Ísland í eitthvað venjulegt straight blað í Ástralíu. En það var allt svona í kringum þetta, það var mjög skemmtilegt. Og þetta var gaman, sérstaklega gaman að finna svona viðbrögðin hjá strákunum í kringum þetta. Við vorum náttúrulega búnir að, því það komu svona þessi viðbrögð sko: Ég þarf ekki að fara í neitt félag til að ná mér í mann. Alveg merkilegt fyrirbrigði og fannst það vera verið að eyðileggja eitthvað fyrir sér með þessu sem sagt, þetta var mjög fróðlegt að því leytinu til.

*Hrafnhildur: En þessi íslensku viðbrögð þarna?*

Ja þetta var náttúrulega bara þessir fávitar sko og Agnar Bogason, Mánudagsblaðið skilurðu, þetta er náttúrulega ekki einu sinni hægt að kalla þetta fjölmiðil. Þetta er svona hneykslisblað sem að tók eins og þeir sögðu: Ef ekkert fæst annað þá skrifum við um SÍS eða Lögregluna, sögðu þeir skilurðu. En segir nú samt sem áður það hefur nú ekkert rosalega mikið breyst. Þetta er '77 sem sagt og ég veit nú ekki betur en þessi aumingja maður sem er verið að vitna í hérna að það hefur svosem lítið skánað hvernig samfélagið hefur komið fram við hann án þess að ég þekki meira til þess. En íslenskir fjölmiðlar, blaðafólk hérna og fjölmiðlafólk að það er allavega ekki hjá mér hátt skrifað það verður aldrei sagt sko. Það virðist ekki hugsa mikið út í hvað það er að gera margt af því.

*Hrafnhildur: Nei þetta er alveg ótrúlegt að þetta skuli ennþá vera fréttir í dag.*

Þetta er náttúrulega alveg út í hött.

*Hrafnhildur: Er eitthvað meira þarna sem að...*

Í þessari möppu? Ég held nú varla, þetta er svona. Þetta er sko fjölrítað, þetta er ekki ljósritað, þetta er í desember '79 þá erum við komnir til útlanda. Þetta er það sem hann Böðvar var að segja frá, fjölrítarinn þarna niðri á Grettisgötu, þetta er gert á það sko og þetta er greinilega ætlað fyrir heilann en ekki fyrir neitt annað. Þetta er afskaplega mikið

eitthvað intellektuellt, það er ekki beinlínis verið að gera fólki þetta neitt aðgengilegt það er ekki þannig að það sé verið að egna fólk upp með áberandi myndum. Og þetta er sem sagt þessi, sko þar sem verið er að flýja hlutina inn í einhvern akademískan turn, það er ekki neitt sérstaklega skemmtilegt. Og við því segir einhvern veginn enginn neitt því að það má ekki. Fólk ber svo, sko mér finnst stundum eins og gay liðið á Íslandi svona undir síðustu aldamót, segjum '80, '90 bara, undanfarin tuttugu árin, þetta minnir stundum á 100 árum fyrr, hvernig menningarlífið hefur verið í þessum bæ 1880, 1890 þá er líka greinilegt að það eru hérna menn sem eru að reyna að halda uppi bara venjulegu menningarlífi þú veist, og það eru örfáar hræður og meiriparturinn af þeim gjörsamlega misskilinn og ákveðinn hundradshluti gerist alkóhólistar. Ég var að lesa um Gest Pálsson sem sagt, þess vegna er þetta dálítið, Gestur Pálsson hann hafði sína skrifstofu í húsinu við hliðina þegar hann vara að gefa út Suðra nákvæmlega í húsinu við hliðina á þar sem að Gulli er með hárstofuna sína núna svo þetta er allt á sömu slóðum. Já.

Skal reyna að gera það. Hvar er þetta? Viltu þá ekki fá hitt líka, ég er með þetta í höndunum svo þú lendir ekki í algerum vandræðum með þetta. Það skiptir ekki máli, þá höfum við þetta bara svona. Þá skal ég birtast með þetta í höndunum.

Þetta er sem sagt hlutskyggnimappa. Það er bara hent niður í þetta hlutum sem hafa komið, svona ýmis plögg sem eru ekkert óskaplega merkileg en þau eru frá þessum tíma og þegar ég tek þetta upp að þá rifjast upp tíminn, sem sagt hvernig þetta allt saman var og sumt af þessu er fallett og sumt af þessu er ljótt og þessi hér er sem sagt íslenskum fjölmiðlamönnum til mikils heiðurs verður að segjast, og þeir eru ennþá við sama heygardshornið og það hlýtur að vera afskaplega skemmtilegt að vera fjölmiðlamaður á Íslandi og hafa þetta á höfðinu, það er mjög skemmtilegt [hlær].